

Mál nr. 345/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskylduvernd.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. september 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 10. október 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. febrúar 2026.

Málsatvik.

Þann 4. september 2023 lentu rafmagnsreiðhjól og vespa í árekstri á gangstétt sunnan við Hlíðarbraut á Akureyri. Lögreglan kom á vettvang. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu voru atvik þau að M var að hjóla norður gangstétt við Hlíðarbraut þegar Y, barn X, ók vespu úr gagnstæðri átt. Samkvæmt M var vespunni ekið á miðri gangstétt og svólítið rásandi. M taldi að Y ætlaði að aka hægra megin við sig. Hann hafði því fært sig til vinstri og við það hafi orðið árekstur með þeim. M hafi farið kollhnis fram fyrir sig og lenti á grasi utan göngustígar en Y hafi fallið af til hliðar.

Samkvæmt framburði Y leit hann til vinstri rétt áður en árekstur varð og misst sjónar á því sem var fyrir framan hann. Þegar hann leit aftur fram fyrir sig hafi árekstur orðið.

Vitni varð að árekstrinum og kvað það báða aðila hafa reynt að koma í veg fyrir árekstur. Vespunni hafi verið ekið á 20-25 km/klst og rafmagnsreiðhjólið verið á um 15-20 km/klst.

M gerði kröfu í ábyrgðartryggingarlið fjölskylduþryggingar X hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir. V viðurkenndi að bótaskylda væri til staðar úr fyrrgreindri váttryggingu en taldi rétt að láta M bera helming sakar. Í rökstuðningi V var vísað til þess að frásögn M og Y væri ekki samhljóma, orð stæði gegn orði. Samkvæmt frásögn M hafi Y verið á miðri gangstéttinni og rásandi en samkvæmt frásögn Y hafi M verið röngu megin á stígunum.

Í málskoti kemur fram að M geri kröfu um fullar bætur vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingarlið fjölskylduþryggingar X hjá V. M byggir á því, m.a. með vísan í framburð vitna, að Y beri meginábyrgð á slysinu vegna stórfelldrar gáleysislegrar háttsemi í aðdraganda slyssins. Y hafi misst sjónar á því sem var fyrir framan hann þegar hann leit til vinstri, hafi ekki verið með hugann við aksturinn og ekki gætt að umhverfi sínu eða veginum fyrir framan sig. Hegðun Y sé brot á almennum varúðarreglum umferðarlaga nr. 77/2019. Í 2. mgr. 46. gr. laganna segir að heimilt sé að aka léttu bifhjóli á göngustíg en ökumaður skuli gæta ytrustu varkárni og ekki aka hraðar en svo að hann geti vikið úr vegi fyrir gangandi vegfarendum sem eiga leiða um. Auknar aðgæsluskyldur séu gerðar til ökumanna vespa en reiðhjóla enda séu reiðhjól mun hættuminni farartæki. V beri sönnunarbyrðina fyrir því að háttsemi M hafi verið svo gálaus að hún réttlæti 50% skerðingu á bótum. Mikið þurfi til að koma svo bótaréttur tjónþola verði skertur. M hafi reynt að forða árekstri, hafi hemlað og fært sig á þann vegarhelming sem ökumaður var ekki á. Hann hafi verið að hjóla á 15 km/klst sem sé hæfilegur hjólahraði á göngustíg og verið með hjálm. Viðbrögð M og hegðun í aðdraganda slyssins sýni að hann var meðvitaður um umhverfi sitt og gerði ráðstafanir til að forðast tjón. Gáleysi Y hafi án efa verið orsök slyssins.

Í athugasemdum V er vísað til þess að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé það mat félagsins að rétt sé að skipta sök á milli M og Y. Ekki sé hægt að fella sök alfarið á annan hvorn aðilann.

Álit.

M krefst samkvæmt framansögðu bóta úr ábyrgðarlið fjölskylduþryggingar X hjá V vegna þess líkamstjóns er hann varð fyrir 4. september 2023 þegar hann lenti í árekstri við Y. Ábyrgðartryggingarliður váttryggingarinnar tekur til þeirrar skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem einstakling. Það hvílir á tjónþola, þ.e. í þessu tilviki M, að sýna fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt.

Í málinu liggur fyrir að í aðdraganda árekstursins hafi Y litið til vinstri af gangstéttinni og misst sjónar á því sem var fyrir framan hann. Þegar hann hafi litið aftur fram fyrir sig hafi áreksturinn orðið. Jafnframt liggur fyrir að Y var að aka á töluvert mikilli ferð samkvæmt framburði vitnis, það er 20-25 km/klst. Nefndin telur að þessi hegðun ökumannsins hafi verið meginorsök árekstursins. Nefndin telur að Y hafi sýnt af sér gáleysislega hegðun í umrætt sinn sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

Þá kemur til skoðunar hvort skilyrði séu til þess að láta M bera hluta af tjóni sínu sjálfur vegna eigin sakar. Ekki er hægt að taka undir það með V að slík óvissa sé um málsatvik að skilyrði séu til þess að láta M bera helming tjóns síns sjálfur. V hefur ekki hlutast til um að leggja fram gögn sem hnekkja framburði beggja málsaðila hjá lögreglu.

Nefndin telur að sú háttsemi M að færa sig yfir á vinstri helming gangstéttarinnar í aðdraganda árekstursins hafi verið slíkt frávik frá eðlilegri hegðun að skilyrði séu til að láta M bera hluta tjóns síns sjálfur. M hafi í umrætt sinn hjólað á það miklum hraða að honum var ekki unnt að bregðast við aðstæðum með öðrum hætti en að færa sig yfir á vinstri helming göngustígsins. Í umferðinni gildir hægri reglan, það er ökumönnum eða hjólreiðarmönnum ber að vera hægra megin á akbraut á vegum eða stígum, sbr. 18. og 42. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá er hjólreiðarmanni á gangstétt skylt að gæta ýtrustu varkárni og ekki hjóla hraðar en svo að hann geti vikið úr vegi fyrir gangandi vegfarendum sem eiga leið um, sbr. 2. mgr. 43. gr. umferðarlaga. Það sama gildir um aðra umferð.

Það er afstaða nefndarinnar að M beri 1/3 hluta af tjóni sínu sjálfur vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á 2/3 hlutum bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V.

Reykjavík, 11. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir